

# Nemar stýra #menntaspjalli um samskipti vettvangs við nema í menntunarfræðum



Sunnudaginn 8. september, kl. 11-12, verður [#menntaspjall](#) um samskipti vettvangs og nema í menntunarfræðum á Twitter. Gestastjórnendur eru Andri Rafn Ottesen, nemi í kennslufræði, og Sólveig Sigurðardóttir (@sollasig91), nemi í uppeldis- og menntunarfræðum.

Þegar niðurstöður [TALIS könnunar OECD](#) voru kynntar síðasta sumar skapaðist töluverð umræða um námsfyrirkomulag í menntunarfræðum og sér í lagi samskipti vettvangs við nema og nýútskrifaða. Niðurstöður TALIS sýndu að miklu skiptir að nemar séu vel undir það búnir að hefja störf, að þeir viti

hvaða væntingar verða gerðar til þeirra og að hugað sé að því á vinnustöðum hvernig tekið er á móti nýútskrifuðu fólki.

Spurningarnar sem verða lagðar til grundvallar eru:

1. Hvernig stuðlum við að aukinni þátttöku nema í starfspróun meðan þeir eru enn í námi?
2. Hvernig ætti að taka á móti nemum eða nýútskrifuðum á vettvangi?
3. Hverjir eru helstu veikleikar í menntun fólks í menntunarfræðum?
4. Hvað geta namar gert meðan þeir eru í námi til að undirbúa sig sem best fyrir störf í menntageiranum?
5. Hverjar eru helstu þekkingar- og hæfniparfir menntageirans í dag?
6. Hvað geta namar gert til að skera sig úr hópnum í augum vinnuveitenda?

Hefurðu aldrei tekið þátt í #menntaspjall? Sjáðu leiðbeiningar í þessu gagnlega myndskeiði Ingva Hrannars Ómarssonar:

[vimeo 83581540]